

EPOX 1

EPOX 1 er tvíþátta, vatnsþynnt, epox-ýbundið lakk, sem er í flokki slitsterkustu lakktegunda.

EPOX 1 hefur frábæra viðloðun við flest öll byggingarefni þar á meðal keramik-flísar.



EPOX 1 er ákjósanlegt á gólf og veggi, í fiskvinnslu-húsum, öðrum matvælaíðn-aði, verksmiðjum og annars staðar, þar sem mikils álags er að vænta.

Litir:

EPOX 1 er framleitt í nokkrum STAÐAL-LITUM.

Áferð:

Hágljáandi.

Herðir:

EPOX 1 HERÐIR sem blanda skal vel saman við lakkið rétt fyrir notkun í rúmmálshlutföllunum 1,7 hlutar EPOX 1 HERÐIR á móti 2 hlutum af EPOX 1.

Málun:

Með pensli, rúllu eða sprautu. Einnig með háþrýstisprautu.

Varúðarflokkur:

00 - 5.

Þynnir:

Vatn.

Hreinsun áhalda:

Með volgu vatni og sápu strax að verki loknu.

Notatími:

Blanda herðis og lakks verður ónothæf eftir 3-4 klst. við stofuhita. Blandan þykkar ekki heldur mattast lakkið og það nær ekki styrk.

Þurrktími:

Um 2 klst. við 20°C.

Endanlegir eiginleikar:

EPOX 1 nær endanlegum eiginleikum á um 5-7 dögum við 20°C.

Yfirmálun:

Eftir 4-8 klst. við 20°C.

Þykkt (flæðiseigja):

Án herðis um 40 poise, með herði um 25 poise (25°C, Brookfield HA5/50).

Gljái:

Um 90 (60°).

Eðlismassi:

Án herðis um 1,30 g/ml (25°C), breytilegt eftir lit. Með herði um 1,20 g/ml (25°C), breytilegt eftir lit.



Þurrefni:

Án herðis um 51 % af massa eða um 35 % af rúmmáli (reiknað), breytilegt eftir lit. Með herði um 54 % af massa eða um 45 % af rúmmáli (reiknað), breytilegt eftir lit.

Efnisnotkun:

Um 0,09-0,12 l/m² í umferð, breytilegt eftir aðstæðum og málunaraðferð; samsvavar um 45 µm þurrfilmuþykkt.

Lágmarks vinnsluhitastig:

10° C. Góð loftræsting og hátt hitastig flýta hörðunun lakksins.